

Nd.

45. Tillaga

til þingsályktunar um innflutning á lifandi dýrum.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila ríkisstjórninni að leyfa innflutning á refum, loðkaninum og sauðnautum.

Greinargerð.

Þingsál.till. þessi er aðallega fram komin til þess, að heimilaður verði innflutningur til landsins á silfurrefum. Norðmenn hafa nú síðustu árin flutt inn allmikið af silfurrefum til Noregs frá Canada, og hefir það orðið landbúnaði landsmanna til stórmikilla hagsbóta. Það virðist einsætt, að á Íslandi sjeu að minsta kosti eins góð skilyrði fyrir silfurrefa-uppeldi.

Þá hefir og loðkanínuræktun verið stunduð allmikið í Danmörku með góðum árangri. Sauðnaut virðast eftir hnattstöðu landsins og veðráttufari munu geta þrífist hjer og tímgast, og má til stuðnings þessu tilfæra álit Vilhjálms Stefánssonar í þessu efni.

Það, sem í fljótu bili virðist mæla á móti innflutningi lifandi dýra, er smithætta, og þá sjerstaklega hætta á munn- og klaufasmitun. Sjálfsagt er, að þetta sje aðeins gert með ráði dýralæknis og undir ströngu eftirliti hans, en þess er vert að geta, að það er alment viðurkent, að betra er að gæta smithættu við

innflutning dýra og að þar er hægara að koma við eftirliti en við innflutning á vörum og mannflutningum. Betra er og að hafa eftirlit með dýrum þeim, sem hjer ræðir um, sökum þess, að þau verða að vera í vönduðum girðingum. Þangað til á síðasta ári var eingöngu hugsað um bann á innflutningi dýra, en litlar skorður settar við innflutningi á vörum og mannflutningi. Auk þess hefir stöðugt verið leyfður innflutningur á alifuglum og enda hundum.

Hjer í grend við Reykjavík eru og slöngur og birnir; einhverntíma virðist innflutningur þeirra hafa verið leyfður. Innflutningur á dýrum er því ekki nýr, og þar sem hjer er að ræða um nytjadýr, sem auðvelt er að hafa dýralæknis- eftirlit með, virðist einsætt að leyfa innflutning þeirra.